

Samstarfssamningur

Fjármálaeftirlitið og saksóknari efnahagsbrota gera með sér eftirfarandi samstarfssamning varðandi samvinnu vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:

1. gr.

Markmið samnings þessa er að auka samvinnu á milli aðila á sviði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með samstarfi á sviði kynninga og fræðslu, með því að skiptast á upplýsingum og samræma aðgerðir þar sem það á við.

2. gr.

Samningsaðilar skulu tilnefna tengiliði til að hafa umsjón með samskiptum og samstarfi aðila samkvæmt samstarfssamningi þessum. Tengiliðir skulu funda tvisvar á ári um samstarfið og gera tillögur til úrbóta sé þess þörf.

3. gr.

Saksóknari efnahagsbrota annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1050/2006, um rannsókn og saksókn efnahagsbrota.

Saksóknari efnahagsbrota skal senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega upplýsingar um fjölda og tegundir tilkynninga sem berast honum vegna gruns um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á undangegnum ársfjórðungi, og frá hvaða eftirlitskyldu aðilum tilkynningar hafa borist.

4. gr.

Samningsaðilar skulu kynna hvor fyrir öðrum fræðslu- og kynningarefni sem farið er yfir á fræðslufundum hvors aðila. Jafnframt skulu samningsaðilar leitast við að halda sameiginlega kynningarfundum þar sem því verður komið við.

5. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum sem þeir afla í starfi sínu og í alþjóðasamstarfi og þeir telja að gagnist hinum aðilanum í starfi sínu að virtum lagaákvæðum um þagnarskyldu samningsaðila, ákvæðum IV. kafla laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.


6. gr.


Fjármálaeftirlitið tilkynnir saksóknara efnahagsbrota um vitneskju sem það kann að öðlast um viðskipti sem tengjast peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006.

7. gr.

Fjármálaeftirlitið lætur saksóknara efnahagsbrota vita um tilkynningar og leiðbeiningar, sem eftirlitið gefur út samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006, ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti.

Reykjavík, 13. apríl 2007.


Jónas Fr. Jónsson,
forstjóri Fjármálaeftirlitsins


Helgi Magnús Gunnarsson,
saksóknari efnahagsbrota